



9. ágúst 2022
Tilv.: 2208023

Dreifibréf númer: 26/2022
Til útgefenda verðbréfa og annarra sem málið varðar

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um aðila sem markaðspreifingum er beint til

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um aðila sem markaðspreifingum er beint til (ESMA/2016/1477). Viðmiðunarreglurnar beinast að eftirlitsstjórnvöldum EES-ríkjanna og aðilum sem markaðspreifingu er beint til. Þær gilda um markaðspreifingar samkvæmt 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR) sem innleidd var með lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem tóku gildi hinn 1. september sl. Í 11. gr. MAR kemur fram að með markaðspreifingum sé átt við samskipti milli seljanda fjármálagerninga og eins eða fleiri mögulegra fjárfesta, áður en tilkynnt er um viðskipti, til að kanna áhuga mögulegra fjárfesta á hugsanlegum viðskiptum og skilyrði sem varða þau, s.s. mögulegt umfang þeirra eða verðlagningu.

Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að samræmdum kröfum til aðila sem markaðspreifingum er beint til. Viðmiðunarreglunum er jafnframt ætlað að draga úr áhættu sem kann að vera til staðar þegar innherjaupplýsingum er miðlað með markaðspreifingum og auðvelda eftirlitsaðilum að rannsaka mál þar sem grunur er um markaðssvik. Í því skyni veita reglurnar aðilum sem markaðspreifingum er beint til leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við.

Viðmiðunarreglunum er skipt upp í eftirtalda sex þætti:

- 1) Viðeigandi innri verkferlar og þjálfun starfsfólks
- 2) Beiðni um að markaðspreifingum sé ekki beint til viðkomandi aðila
- 3) Mat á því hvort að markaðspreifingarnar feli í sér miðlun á innherjaupplýsingum
- 4) Mat á tengdum fjármálagerningum
- 5) Fundargerðir og skrár
- 6) Viðhald skjala og skráa

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og


viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til útgefenda verðbréfa og annarra markaðsaðila að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Páll Friðriksson

framkvæmdastjóri

markaðir og viðskiptahættir



Pálmar Pétursson

lögfræðingur

markaðir og viðskiptahættir